

Stýrihópur Barnvænt sveitarfélag , fundur nr. 1

Haldinn á fjarfundi, 06. nóvember 2020 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Ívar Bragason – stjórnarsýslusviði, Hugrún Margrét Óladóttir – þjónustu- og þróunarsvið, Hrund Apríl Guðmundsdóttir – mennta- og lýðheilsusvið, Hólmfríður Ingvarsdóttir – fjölskyldu- og barnamálasviði, Guðrún Guðmundsdóttir – umhverfis- og skipulagssviði.

Birgir Örn Guðjónsson – fulltrúi bæjarráðs, Jón Ingi Hákonarson – fulltrúi bæjarráðs, Kristín Thoroddsen – fulltrúi fræðsluráðs, Hólmfríður Þórisdóttir – fulltrúi skipulags- og byggingaráðs, Friðþjófur Helgi Karlsson – fulltrúi umhverfis- og framkvæmdaráðs, Kristrún Bára Bragadóttir - fulltrúi ungmennaráðs, Logi Már Magnason - fulltrúi ungmennaráðs, Hrafninn Máney Sindradóttir – fulltrúi ungmennaráðs, Sigurður Sindri Hallgrímsson – fulltrúi ungmennaráðs.

Einnig sat Marín Rós Eyjólfsdóttir, fulltrúi UNICEF, fundinn.

Fundargerð ritaði: Ólafía Björk Ívarsdóttir, verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags

Dagskrá:

Innlegg þar sem verkefnið er kynnt af Ólafíu Björk verkefnastjóra.

Næstu skref rædd, gátlistar og skipting þeirra.

Stýrihópurinn svaraði fyrsta gátlistanum saman og skipti hinum fjórum á milli sín.

Ólafía sendir út gátlista og hópa. Hóparnir svara gátlistunum og senda til verkefnastjóra eftir tvær vikur eða fyrir 20 nóv.

Dagsetning fyrir næsta fund:

Ákveðið að hittast fyrst um sinn mánaðarlega á föstum fundum, og mögulega draga svo úr. Setja þarf upp könnun á heppilegum fundartíma og passa sérstaklega á að hann hittist ekki á skólatíma ungmenna

Á næsta fundi mun Ólafía leggja fram uppkast að spurningalistum til barna og starfsmann, sem UNICEF þarf að samþykkja eftir að fjallað hefur verið um þá í stýrihópnum og þá verður samantekt úr gátlistunum einnig lögð fram.

Önnur mál, samskipti. Hópurinn samþykkir hugmynd um að nota Workplace í samskipti.

Fundi slitið 14:20